




Reykjavík, 20. febrúar 2025
USK24120216

Kvisthagi 9 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. janúar 2025 var lögð fram fyrirspurn Arkís arkitekta ehf., dags. 20. desember 2024, ásamt bréfi, dags. 19. desember 2024, um að breyta tveimur kvistum á suðurhlíð hússins á lóð nr. 9 við Kvisthaga í einn stærri kvist ásamt því að bæta við svölum framan við kvistinn.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040
Deiliskipulag



Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Kvisthaga 9 borgarhluta 1 Vesturbær og er hluti af íbúðarsvæði, Hagar.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, samþykkt 11. júní 1948, ásamt síðari breytingum.

Umsögn


Húsið á lóð nr. 9 við Kvisthaga er íbúðarhúsnæði.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að fá að breyta tveim kvistum á suðurhlíð hússins í einn og koma fyrir svölum framan við kvistinn, sjá tillögu hér að neðan.

Í bréfi Arkís dags. 19. desember 2024 má sjá myndir af húsinu eins og það er í dag og tillögu að nýjum kvist með svölum.



Núverandi



Tillaga

Í Kvisthaganum eru fjölmörg hús með kvista og eru þeir útfærðir á fjölbreyttan hátt. Á Kvisthaga 13 er að sjá svipaða útfærslu og tillaga ARKÍS sýnir. Uppsetning kvists á húsinu er í samræmi við byggðamynstur.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við að koma fyrir kvist á húsinu.

Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við að umsækjandi láti vinna breytingu á deiliskipulagi vegna uppsetningu kvists og svala. Bent er á dæmi um slíka breytingu fyrir kvisthaga 4

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar

verkefnastjóri

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.



Reykjavík